



Samningur

um framlag Vegagerðarinnar til Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar vegna Dýrafjarðarganga

1. gr.

Vegagerðin kt. 680269-2899, og Ísafjarðarbær kt. 540596-2639 vegna Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar (hér eftir nefnt Slökkviliðið) hafa undanfarin misseri farið yfir öryggismál í nýjum Dýrafjarðargöngum og drög að viðbragðsáætlun á nokkrum fundum. Aðilar eru sammála um að til þess að ná ásættanlegu öryggi hvað varðar bruna og slys í göngunum þarf að efla þann búnað sem Slökkviliðið hefur yfir að ráða.

2. gr.

Dýrafjarðargöng eru á starfssvæði Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar og munu málefni ganganna falla undir Slökkviliðið í samræmi við verksvið þess, sbr. lög nr. 75/2000, sbr. og reglugerð nr. 614/2004, um brunavarnir í samgöngumannvirkjum. Slökkvistöðvar eru á Þingeyri í 14 km fjarlægð frá munna í Dýrafirði og á Ísafirði í 45 km fjarlægð frá munna í Dýrafirði.

Slökkviliðið hefur sett fram fleiri en einn möguleika hvað aukinn búnað varðar og áætlað sundurliðaðan kostnað við búnaðinn. Vegagerðin hefur kynnt sé þær áætlanir og tekið þátt í umræðu um hvað skuli velja. Vegagerðin tekur þó ekki afstöðu til þess að lokum hvaða búnað Slökkviliðið velur.

3. gr.

Vegagerðin skuldbindur sig til að veita Slökkviliðinu framlag til búnaðarkaupa vegna Dýrafjarðarganga að upphæð 85.000.000, með virðisaukaskatti, að svo miklu leyti sem það á við, þar sem slökkvilið fær virðisaukaskatt endurgreiddan af búnaði, sbr. 2. tl. 2. mgr. 3. gr.

Framlögin eru háð eftirfarandi skilmálum:

1. Fjárhæðin skal notuð til innkaupa á tækjum og búnaði, vegna starfa á vettvangi. Ákvarðanataka um kaup á búnaði er endanlega í höndum Slökkviliðsins og getur þar verið um að ræða kaup á nýjum búnaði og/eða endurnýjun á eldri búnaði. Ekki er um að ræða greiðslur vegna æfinga námskeiða og annars reksturs slökkviliðs.
2. Fjárhæð framlags vegna einstakra kaupa, skal taka mið af kostnaði Slökkviliðs, þegar dregin hefur verið frá áætluð endurgreiðsla virðisaukaskatts eins og við á.
3. Greiðslur skulu fara fram eftir því sem innkaupum vindur fram og Slökkvilið hafi lagt fram reikninga fyrir kostnaði, sundurliðaða áætlun eða tilboð í búnað.
4. Aðilar skulu með samráði sín á milli stefna að því að farmlag skuli greitt samhliða því að slökkviliðið skuldbindur sig til kaupa á búnaði, en í síðasta lagi 21 degi eftir að vegagerðinni hafa verið send viðhlítandi gögn og ósk um greiðslu. Greiðsla framlags skal fara fram óháð því hvort greiðslur Slökkviliðs vegna kauða séu gjaldfallnar, m.a. til að farmlag geti tekið mið af gengi gjaldmiðla þegar pöntun er gerð.

Áætluð innkaup Slökkviliðsins sem verða styrkt eru eftirfarandi:

- a) BMT Concept Rapid Intervention Vehicle, Premium Design fyrir Ísafjörð
- b) Ford F 550 fyrir Þingeyri, sambærilegur bíl og pantaður var fyrir Flateyri (áætluð innkaup án ganga árið 2022)
- c) Endurnýjun tankbíls á Þingeyri, ekki síðar en 2022.



Eins og fram kemur í fundargerðum undirbúningshóps Vegagerðar og Ísafjarðarbæjar, þann 5. og 18. mars 2019 er ekki gert ráð fyrir að styrkur dugi að fullu fyrir þeim búnaði sem nefndur er, enda er ekki áætlað að nota hann eingöngu fyrir jarðgöngin. Þá áætlað sveitarfélagið jafnframt fé til tækjakaupa hjá Slökkviliðinu, skv. fjárhagsáætlun hvers árs. Fyrirhuguð fjárveiting sveitarfélagsins til kaupa á Ford F550 á Þingeyri árið 2022 verður nýtt að hluta til kaupa á tankbíl fyrir Þingeyri, í samræmi við ofangreind áætlun innkaup Slökkviliðsins, með styrk Vegagerðarinnar.

Slökkviliðsstjóri er ábyrgur fyrir innkaupum á þessum búnaði og skal gæta ýtrustu hagkvæmni við þau. Engu að síður þarf slökkvistjóri að gera ráð fyrir að þurfa að bregðast við og breyta innkaupaáætlun ef verð breytist eða upp koma önnur frávík.

Til staðfestingar öllu ofanrituðu, rita aðilar nöfn sín undir samning þennan.

Staður og dagsetning:

Ísafjörður 20/9 2020

F.h. Vegagerðarinnar

Þórunn Þórunn

Þórunn Þórunn